

Þriðjudaginn 16. júní 1964.

Nr. 55/1963. **Verkamannafélagið Dagsbrún**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Kassagerð Reykjavíkur h/f

(Páll S. Pálsson hrl.)

og

Kassagerð Reykjavíkur h/f

gegn

Verkamannafélaginu Dagsbrún,

**Eðvarð Sigurðssyni, Guðmundi J. Guðmunds-
syni, Tryggva Emilssyni, Tómasi Sigurþórs-
syni, Kristjáni Jóhannessyni, Halldóri Björns-
syni og Hannesi M. Stephensen.**

D ó m e n d u r :

**hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson og Gizur Bergsteinsson
og prófessorarnir Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason og
Theodór B. Lindal.**

Valdbeiting verkfallsmanna. Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Verkamannafélagið Dagsbrún hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar, að því er til þess tekur, með stefnu 29. apríl 1963 og krafizt þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að fellt verði úr gildi lögbann það, sem á var lagt hinn 21. júní 1961.

Kassagerð Reykjavíkur h/f hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 30. apríl 1963 og krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Hvorki veittu lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 né önnur réttarákvæði aðaláfrýjanda heimild til þeirrar valdbeitingar gegn Kassagerð Reykjavíkur h/f, sem sönnuð er á hendur honum í máli þessu og lýst er í héraðs-dómi. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðs-dóminn.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. apríl 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Kassagerð Reykjavíkur h/f, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 24. júní 1961, gegn stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, þeim Eðvarð Sigurðssyni formanni, Litlu-Brekku, Guðmundi J. Guðmundssyni varaformanni, Ljósvallagötu 12, Tryggva Emilssyni ritara, Akurgerði 4, Tómasi Sigurþórssyni gjaldkera, Skipholti 26, Kristjáni Jóhannessyni fjármálaritara, Rauðarárstíg 3, Halldóri Björnssyni meðstjórnanda, Kleppsvegi 24, og Hannesi M. Stephensen meðstjórnanda, Hringbraut 76, öllum í Reykjavík, persónulega og fyrir hönd Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, in solidum til greiðslu á tjónbótum, að fjárhæð kr. 338.457.14, með 8% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 21. júní 1961 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómarans.

Þá krefst stefnandi staðfestingar á lögbanni, uppkveðnu að kröfu hans á hendur stefndu af borgarfégetanum í Reykjavík hinn 21. júní 1961.

Stefndu hafa gert þær dómkröfur, að umrædd lögbannsgerð verði felld úr gildi og að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Jafnframt krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans. Til vara gera stefndu þær dómkröfur, að skaðabótakrafa stefnanda verði stórlega lækkuð og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Í þinghaldi 18. febrúar 1963 óskuðu aðiljar eftir því, að sakarefni yrði skipt, þannig að málið yrði sótt og varið að svo stöddu um staðfestingu lögbannsins eingöngu. Ákvað dómarrinn að skipta sakarefninu að þessu leyti, og fór fram munnlegur málflutningur um þann hluta málsins hinn 26. f. m. Er dómur þessi því eingöngu um það atriði.

Í þessum hluta málsins hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að framangreint lögbann verði staðfest, en stefndu hafa krafizt þess, að lögbannið verði fellt úr gildi.

Málsatvik eru þessi:

Í maí- og júnímánuði 1961 var Verkamannafélagið Dagsbrún í verkfalli við atvinnurekendur. Stefnandi máls þessa rekur iðnfyrirtæki, og eru starfsmenn þess að mestu eða öllu leyti félags-

menn í félagi verksmiðjufólks, Iðju, en það félag var eigi í verkfalli á þessum tíma. Stefnandi hefur verksmiðjur við Skúlagötu og Kleppsveg, hér í borg. Notaði fyrirtækið eigin vörubifreiðar til flutninga á efnivöru milli verksmiðjustaða þessara. Stefnu töldu ökumenn bifreiðanna tilheyra félagsskap sínum, og á tímabilinu frá 29. maí til 21. júní hindruðu félagsmenn hins stefnda félags, „verkfallsverðir“, að flutningar gætu farið fram með bifreiðunum milli verksmiðjustaða stefnanda. Kom til einhverra átaka í þessu sambandi, og tókst „verkfallsvörðunum“ að hindra flutninga að einhverju leyti. Hinn 21. júní s. á. fékk stefnandi sett á lögbannt við þessum aðgerðum „verkfallsvarðanna“, og er mál þetta höfðað til staðfestingar á því lögbannti svo og til greiðslu skaðabóta vegna þess tjóns, er stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna aðgerðanna.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum, að þessar aðgerðir „verkfallsvarðanna“ gegn sér hafi verið algerlega ólögmatar og refsiverðar. Stefnandi hafi ekki verið aðili að verkfalli því, er félag stefnda hafi verið í, og því hafi sér verið heimilt að halda áfram starfrækslu sinni með aðstoð starfsmanna sinna, sem ekki hafi verið í verkfalli. „Verkfallsverðirnir“, sem hafi haft í frammi aðgerðir sínar í nafni hins stefnda félags, hafi hindrað stefnanda í að starfrækja iðnfyrirtæki sitt á eðlilegan hátt. Hafi þeir haft í frammi ofbeldi, meðal annars ruðzt inn í verksmiðjustað sinn og knúið það fram, að efnivörur, sem þegar voru fluttar þangað, hafi verið settar á bifreiðina aftur og hún flutt út fyrir verksmiðjustaðinn, og eins hindrað það, að vörubifreið með efnivöru hafi komizt inn á verksmiðjustaðinn af götu. Einnig hafi „verkfallsverðirnir“ haft í frammi hótanir um ofbeldi og þannig haft fram stöðvun á notkun vörubifreiðanna.

Stefndu reisa kröfu sína á því, að aðgerðir „verkfallsvarðanna“ hafi í alla staði verið lögmætar. Verkamannafélagið Dagsbrún hafi verið í lögmætu verkfalli við atvinnurekendur. Stefnandi hafi haft í þjónustu sinni félagsmenn í Dagsbrún, sem hafi haft með höndum akstur vörubifreiða hans, en til þeirra hafi verkfall félagsins tekið. Stefnandi hafi ætlað að láta aðra starfsmenn sína annast akstur bifreiðanna, og hafi „verkfallsverðirnir“ með aðgerðum sínum einungis viljað meina stefnanda það. 18. gr. laga nr. 80 frá 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur bannar stefnanda að stuðla að því að afstýra lögmætri vinnustöðvun með aðstoð meðlima annarra stéttarféлага eða sambanda, sem að vinnustöðvuninni standa, en Iðja er aðili að Al-

Þýðusambandi Íslands sem og Verkamannafélagið Dagsbrún. Lög nr. 50 frá 1940 um lögreglumenn, 4. gr., banna lögreglumönnum að hafa afskipti af verkföllum, en af því ákvæði leiði, að það sé hlutverk þeirra aðilja sjálfra, sem í verkfalli eru, að hafa á hendi réttarvörzlu, að því leyti sem hér átti sér stað. Aðgerðir „verkfallsvarðanna“ hafi því verið algerlega lögmætar og refsilausar, enda hafi saksóknari ríkisísns, sem hafði fengið til meðferðar kæru vegna þeirra, ekki fyrirskipað frekari aðgerðir af hálfu ákærvaldsins gegn þeim, og slíkri ákvörðun geti borgaralegur dómur eigi breytt.

Fyrst við hinn munnlega flutning málsins nú hreyfði lögmaður stefndu því, að ekki hafi verið reynt að sanna, að hindranir hafi átt sér stað af hálfu „verkfallsvarðanna“.

Í lögbanasmálinu, sem lagt hefur verið fram í þessu máli, lagði stefnandi fram gögn til sönnunar því, að hindranir hafi átt sér stað. Eru þar í fyrsta lagi úrklippur úr dagblöðum borgarinnar frá umræddum tíma. Í dagblaðinu Vísi frá 14. júní 1961 segir m. a. undir fyrirsögninni „Átök við Kassagerðina í gær“: „Til átaka kom í gær við Kassagerð Reykjavíkur, er verkfallsverðir Dagsbrúnar reyndu að stöðva tvo bíla, sem voru að flytja pappa í verksmiðjuna frá nýju verksmiðjuhúsunum í Kleppsholti. Stöð í þriggja tíma þófi milli forystumanna Kassagerðarinnar og verkfallsvarða, og var fulltrúi lögreglustjóra ásamt yfirlögregluþjóni kvaddur á vettvang Forsaga málsins er sú, að 29. maí hindraði Dagsbrún keyrslu á efni í Kassagerðina. Síðan hafa engir flutningar átt sér stað fyrr en í gær. Er bílarnir komu í Kassagerðina á Skúlagötu, gerðu verkfallsverðir tilraunir til þess að stöðva þá, en þeir gátu ekið inn í portið. Ruddist þá að stór hópur verkfallsvarða undir stjórn Guðmundar J. Guðmundssonar, og gerðu þeir þá kröfu, að bílunum yrði aftur ekið í vörugeymsluna í nýju Kassagerðinni og affermdir þar. Því var neitað, og gerði Kristján Jóhann, forstjóri Kassagerðarinnar, boð eftir lögreglunni og krafðist þess, að hún kæmi úr húsum sínum verkfallsvörðunum, sem þar ættu ekkert erindi. Stöð í þófi allengi, og var að síðustu á það sætt, að aðgerðum skyldi frestað um einn dag. Hurfu verkfallsmenn á brott, en bílunum var ekið út á götuna, þar sem þeir stóðu í nótt undir lögregluvernd.“

Í dagblaðinu Þjóðviljanum frá sama degi, 14. júní 1961, segir undir fyrirsögninni „Kassagerðin reyndi verkfallsbrot“ á þessa leið m. a.: „Kassagerðin lét senda tvo bíla frá nýju húsakynn-

unum við Kleppsveg að húsinu við Skúlagötu og Vitastíg. Verkfallsverðirnir við Kleppsveginn gerðu þegar viðvart, og fór hópur verkfallsvarða á vettvang. Vörubílastirnir voru báðir komnir inn í hús og búið að taka tvær pappírsrúllur af öðrum þeirra. Stóð í nokkru þófi, þar til Kassagerðarmenn létu undan síga, og voru rúllurnar tvær aftur settar á vörubílastinn og vörubílastunum síðan ekið út. Lögreglu- og verkfallsverðir munu síðan sjá um, að bílastarnir verði ekki hreyfðir.“ Og í sama dagblaði 16. júní 1961 segir m. a.: „Í gærmorgun reyndi Kassagerðin enn verkfallsbrot, og var þar stapp á þriðju klst., þar til annar bílastinn, sem verið var að brjóta með, var lokaður inni, en lögreglan fjarlægði hinn frá verksmiðjunni, þangað sem hann verður geymdur.“

Í útskrift úr dagbók lögreglunnar í Reykjavík, síðdegisvakt 13. júní 1961, segir svo m. a.: „Kl. 15.30 var lögr. kvödd að Kassagerðinni við Vitastíg vegna verkfallsmáls. . . . Tilefni máls þessa var það, að papparúllur höfðu verið fluttar af lagernum við Kleppsveg í verksmiðjuna, og höfðu verkfallsverðir stöðvað affermingu bílastanna vegna meints verkfallsbrots. Málið var leyst í bíli með því, að bílastarnir voru fluttir út úr verksmiðjunni með farminum á og lögregluvörður settur við þá.“ Og í skýrslu lögreglunnar, dags. 15. júní 1961 og undirritaðri af yfirlögregluþjóni, segir m. a.: „Kl. um 9 var hringt á mig undirritaðan frá lögregluvarðstofunni og tilkynnt, að ágreiningur vegna verkfallisins ætti sér stað við Kassagerð Reykjavíkur við Vitastíg. . . . Ég undirritaður fór þegar á staðinn. Vörubifreið með þremur stórum papparúllum stóð á ská í götunni. Við hana voru nokkrir tugir manna, sem kváðust vera verkfallsverðir, og fáeinir lögreglumenn, en inni í geymsluhúsinu var önnur vörubifreið með þremur stórum papparúllum, og stóð þar hópur manna, sem kváðust vera verkfallsverðir og gerðu kröfu til, að vörubifreiðin yrði færð út úr geymslunni með farminum á. . . . Eftir nokkurt þóf ákvað lögreglufulltrúinn í samráði við mig, að geymsluhúsdyrnunum skyldi lokað og bifreið sú, er inni var, skyldi vera þar óhreyfð, en sú bifreið, er úti var, skyldi færð á Vitatorg og lagt þar, og var það gert.“

Af því, sem nú hefur verið rakið, þykir nægilega í ljós leitt, að „verkfallsverðirnir“ hafi á eindæmi sitt haft uppi aðgerðir gegn stefndanda til hindrunar því, að hann gæti notað bifreiðar sínar.

Í þessu máli er það atriði eigi til úrlausnar, hvort stefnandi hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 80/1938 um stéttarfélög

og vinnudeilur, heldur það, hvort „verkfallsverðirnir“ hafi haft lagaheimild til þess að hafa réttarvörzlu í því efni. Eigi verður séð, að 18. gr. laga nr. 80/1938 né heldur 4. gr. laga nr. 50/1940 um lögreglumenn veiti aðiljum að vinnustöðvun rétt til þess að taka í sínar eigin hendur réttarvörzlu. Framangreindar aðgerðir „verkfallsvarðanna“ voru því ólögæt réttarvarzla af þeirra hálfu. Skiptir í þessu efni eigi máli, þótt ákærvaldið hafi af sinni hálfu eigi fyrirskipað frekari aðgerðir. Ber því að staðfesta lögbann það, sem sett var við aðgerðum þeirra af borgar-fógetanum í Reykjavík hinn 21. júní 1961.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þenna, en upp-kvaðning hans hefur dregið nokkuð vegna páskahelgarinnar.

Dómsorð:

Framangreint lögbann staðfestist.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 21. júní 1961.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Kassagerðar Reykjavíkur h/f, hefur þess verið krafizt, að lögbann verði lagt við því, að stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, þeir Eðvarð Sigurðsson formaður, Litlu-Brekku, Guðmundur J. Guðmundsson varaformaður, Ljós-vallagötu 12, Tryggvi Emilsson ritari, Akurgerði 4, Tómas Sigur-þórsson gjaldkeri, Skipholti 26, Kristján Jóhannesson fjármála-ritari, Rauðarárstíg 3, Halldór Björnsson meðstjórnandi, Klepps-vegi 24, og Hannes M. Stephensen meðstjórnandi, Hringbraut 76, persónulega eða í nafni félagsins hindri eða láti aðra félags-menn hindra afgreiðslu, móttöku og flutninga á vörum að og frá verksmiðjuhúsum gerðarbeiðanda við Kleppsveg og að Skúla-götu 26, framkvæmda af starfsmönnum gerðarbeiðanda, sem ekki eru félagsbundnir í launþegasamtökum, sem eiga í verkfalli.

Gerðarbeiðandi hefur krafizt málskostnaðar úr hendi gerðar-þola Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Af hálfu gerðarþola er mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögbannsgerðar og þess krafizt *aðallega*, að lögbannskröfunni verði vísað frá fógetaréttinum, en *til vara*, að um hana verði synjað. Í báðum tilvikum er málskostnaðar krafizt úr hendi gerðarbeiðanda. En ef fógeti teldi rétt að taka kröfu gerðarbeið-anda um lögbann til greina, er þess krafizt, að gerðarbeiðanda verði gert að setja lögbannstryggingu, kr. 500 þúsund eða aðra upphæð að mati fógeta.

Lögbannsbeiðni þessi barst fúgetarétti Reykjavíkur hinn 15. þessa mánaðar og er samdægurs tekin fyrir í fúgetaréttinum. Að loknum munnlegum flutningi, er fúr fram hinn 19. þessa mánaðar, var málið tekið til úrskurðar.

Gerðarbeiðandi skýrir þannig frá málavöxtum af sinni hálfu, að það hafi þrúfaldlega komið fyrir að undanförunu, að starfsmenn hans, þeir sem annast fermingu, akstur og affermingu flutningabifreiða, hafi verið hindraðir í störfum sínum af mannsöfnuði, sem hafi sagzt vera verkfallsverðir á vegum Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í verkfalli því, sem nú stendur yfir.

Hinn 29. maí s.l. hafi þeir t. d. stöðvað efnivöruflutninga milli verksmiðjuhúsa gerðarbeiðanda við Kleppsveg og að Skúlagötu 26. Daginn eftir hafi enn komið verkfallsverðir, tekið nýlosaðan vörufarm, hent honum aftur upp á vörubílinn og neytt bílstjóran til þess að aka farminum þangað, sem hann hafði verið tekinn. Fyrir liggur í málinu endurrit bréfs, sem umboðsmaður gerðarbeiðanda ritaði Dagsbrún af þessu tilefni. Hefur bréfið að geyma mótmæli gegn aðförum þessum og áskilnað um hvers konar rétt í því sambandi, og er á endurritinu kvittun starfsmanns Dagsbrúnar um móttöku samrits hinn 12. þ. m., en bréfið er lagt fram sem rskj. nr. 3. Gerðarbeiðandi segir, að þessu bréfi hafi ekki verið svarað.

Þá hafi komið til svipaðra atvika dagana 13. og 15. þessa mánaðar við dyr og í porti kassagerðarinnar. Hafi þangað safnast mannsöfnuður, sem stjórnað hafi verið af framkvæmdastjóra Dagsbrúnar, haft í frammi hótanir og yfiringang annan og hindrað störf manna. Er vísað til endurrita af dagbók lögreglunnar í Reykjavík, sjá rskj. nr. 18, en yfirvöld lögreglunnar hafi ekki þótt geta aðhafzt neitt til að skakka leik þenna, þar eð vera mætti, að slíkt mætti telja afskipti af vinnudeilu.

Gerðarbeiðandi hefur lagt fram sem rskj. nr. 7 í máli þessu endurrit bréfs til formanns Félagsdóms, þar sem Félag íslenzkra iðnrekenda kærir Verkamannafélagið Dagsbrún fyrir brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Þá hefur gerðarbeiðandi og með bréfi sínu til yfirsakadómarans í Reykjavík, dags. 19. þ. m., kært aðfarir þessar til refsingar, þar eð aðfararmenn hafi gerzt sekir við umferðarlög, almenn hegningarlög og lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Endurrit kærubrúfsins hefur verið lagt fram sem rskj. nr. 12 í máli þessu. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins, hvaða meðferð erindi þessi hafi fengið.

Gerðarbeiðandi telur sannað mál, að Dagsbrún hafi látið stöðva akstur á vegum verksmiðjunnar með valdbeitingu. Sú valdbeiting sé algerlega ólögmet í hverri grein. Er á það bent, að gerðarbeiðandi sé ekki aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands, sem Verkamannafélagið Dagsbrún eigi í kjaradeilu við, og séu gerðarbeiðanda því sakir þessara aðilja óviðkomandi, og úrslit kaupdeilunnar bindi gerðarbeiðanda ekki á neinn veg. Aftur á móti sé gerðarbeiðandi aðili að Félagi íslenzkra iðnrekenda, og starfsmenn hans séu félagar í Iðju, félagi verksmiðjufólks, sem ekki eigi í neinni kjaradeilu. Hafi gerðarbeiðandi alltaf látið þessa starfsmenn sína aka bílum fyrirtækisins eftir hentugleikum hverju sinni og átölulaust af öllum, og deila Dagsbrúnar við vinnuveitendasambandið eigi ekki á neinn hátt að raska þeirri tilhögun.

Af hálfu gerðarþola er þessari lögbannskröfu mótmælt sem rangri og órökstuddri og andstæðri lögum.

Því er fyrst og fremst haldið fram, að verkfall það, sem Verkamannafélagið Dagsbrún á nú í, sé löglegt í skilningi laga nr. 80 frá 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, og hafi engin mótmæli komið fram gegn lögmæti þess út af fyrir sig. Af því leiði fyrst og fremst, að ágreining slíkan sem þenna hafi átt að leggja fyrir Félagsdóm, sbr. 44. grein laganna. Þetta hafi gerðarbeiðandi ekki gert, og er bréfi til formanns Félagsdóms á rskj. nr. 7 mótmælt sem algerri markleysu. Með því að krefjast lögbanns sé gerðarbeiðandi að reyna að draga málefni þetta undir hinn almenna dómstól andstætt lögum. Beri þegar af þessari ástæðu að hafna kröfu gerðarbeiðanda með frávisun fógetamálsins.

Þá er því í annan stað haldið fram, að þessu lögmæta verkfalli sé af hálfu Dagsbrúnar löglega framfylgt, og séu aðgerðir verkfallsgæzlumanna félagsins gegn gerðarbeiðanda á fullum rökum reistar, en það skilyrði fyrir framgangi lögbanns, að gerðarþoli þess hafi með ólögmetum hætti raskað rétti gerðarbeiðanda, sé ekki fyrir hendi. Lögfylgjur lögmæts verkfalls verði ekki stöðvaðar með lögbanni. Dagsbrún sé eina stéttarfélagið, sem hafi í samningum sínum ákvæði um kaup og kjör við slíka vöruflutninga, sem hér um ræðir, og hafi almennt verið farið eftir því. Aðild Dagsbrúnar til samninga um þessi störf hafi aldrei verið dregin í efa, og sé þess jafnframt að gæta, að Iðja, félag verksmiðjufólks, semji ekki um neina vinnu utan verksmiðjuveggs. Er gagnstæðum fullyrðingum gerðarbeiðanda, hér að lútandi, mótmælt sem röngum. Í stuttu máli sé hér ekki

öðrum samningsaðilja til að dreifa en Dagsbrún, og þurfi ekki að fara mörgum orðum um heimild Dagsbrúnar til þess að semja um vinnu á sínu starfssviði og að knýja þá samninga fram með verkfalli, og geti slíkt verkfall vitanlega snert fleiri aðilja en þá, er það beinist aðallega gegn.

Þar eð nú víst sé, að menn þeir, sem gerðarbeiðandi lét starfa að nefndum flutningum, hlíta samningum Dagsbrúnar, sé alls-endis óheimilt að láta félagi í Iðju taka við störfum þeirra, enda hafi Iðja enga samninga um verk þessi, en aftur á móti séu bæði Dagsbrún og Iðja í Alþýðusambandi Íslands. Er vísað til 18. gr. laga nr. 80 frá 1938 um þetta.

Annars hefur gerðarþoli látið leggja fram í máli þessu félagslög sín og vísar sérstaklega til 2. greinar, liða 9 og 10, en þar segir, að tilgangur félagsins sé að skipuleggja innan félagsins m. a. alla þá bifreiðarstjóra, sem aka vöruflutningabifreiðum í þjónustu annarra, og alla verkamenn aðra, sem vinna að hvers konar framleiðslu og flutningastörfum öðrum og ekki taka laun samkvæmt samningum eða samþykktum annarra viðurkenndra verkalýðsfélaga. Sjá rskj. nr. 15. Enn fremur er vitnað í félagslög Iðju, félags verksmiðjufólks, og bent á ákvæði, sem gefi til kynna, að því félagi sé ætlað að ná til þeirra, sem starfi við tilbúning verksmiðjuvarnings, 1.—4. gr. félagslaga, sbr. rskj. nr. 16. Loks er lagt fram í málinu sem rskj. 17 samningur Iðju og Félags íslenzkra iðnrekenda, og er vísað til 22. greinar, þar sem segir, að allt verksmiðjufólk skuli félagsbundið í Iðju.

Gerðarbeiðandi hefur lagt fram yfirlýsingu frá Félagi íslenzkra iðnrekenda, dagsetta 19. þ. m., undirritaða af Pétri Sæmundsen. Segir þar, að aldrei muni það hafa verið haft á orði fyrr en nú, að starfssvið félagsmanna í Iðju takmarkaðist við „verksmiðjuvegg“, enda sé sú ekki raun á. Er bent á fyrirkomulag í þessum efnum hjá ýmsum iðnfyrirtækjum, þar sem framleiðsla fer að meira eða minna leyti fram utan dyra og þar sem um „útilagera“ sé að ræða. Þá sé það svo, að útkeyrslumenn margra fyrirtækja séu félagar í Iðju ágreiningslaust af hálfu Dagsbrúnar, og margir þessara manna hafi útkeyrsluna að aðalstarfi, en aðrir vinni jafnframt almenn störf í verksmiðju. Er yfirlýsing þessi lögð fram í málinu sem rskj. nr. 13 og enn fremur í rskj. nr. 19 og þar með áritun Ingimundar Erlendssonar f. h. Iðju á þá leið, að rétt sé frá skýrt í yfirlýsingunni, en þó hafi skrifstofa Iðju ekki upplýsingar um, hvaða sérgreind störf félags-

menn hennar vinni, og eigi það að sjálfsögðu einnig við um útkeyrslumenn.

Þessari yfirlýsingu svo og áritun Ingimundar Erlendssonar er mótmælt sem rangri og óstaðfestri af hálfu gerðarþola.

Því hefur verið haldið fram, að málið heyri undir Félagsdóm, en ekki almennu dómstólana, og bæri því að vísa því frá fógetaréttinum.

Gerðarbeiðandi hefur haldið fram, að hann sé ekki í Vinnuveitendasambandi Íslands og ekkert af sínu starfsfólki í Dagsbrún né í öðru félagi, sem stofnað hafi til verkfalls. Þar sem þessi stafhæfing er ekki afsönnuð, verður ekki séð, að mál þetta falli undir Félagsdóm, og verður því frávísunarkröfu gerðarþola hrundið.

Það er fram komið í málinu, að gerðarþoli hafi látið hindra störf gerðarbeiðanda, og þar sem ekki er útilokað, að aðgerðir þessar kunni að vera ólöglegar og brot á rétti gerðarbeiðanda, þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögbannsgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda og gegn tryggingu, sem er talin hæfilega ákveðin kr. 100 þúsund.

Málskostnaðarkröfur aðiljanna verða ekki teknar til greina sérstaklega hér fyrir fógetaréttinum.

Því úrskurðast:

Umbeðin lögbannsgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda og gegn 100 þúsund króna lögbannstryggingu, sem rétturinn tekur gilda.

Lögbannsgerð fógetaðóms Reykjavíkur 21. júní 1961.

.....

Úrskurðurinn var lesinn í réttinum. Var viðstaddur uppkvaðninguna Kristján Jóh. Kristjánsson, forstjóri Kassagerðar Reykjavíkur h/f, og með honum Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður.

Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður mætti fyrir gerðarþola.

Mættur Kristján Jóh. Kristjánsson afhendir réttinum tékka, að fjárhæð kr. 100.000.00.

Lýsti fógeti þá yfir, að hann legði lögbann við því, að stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, þeir Eðvarð Sigurðsson, Litlu-Brekku, Guðmundur J. Guðmundsson, Ljósvallagötu 12, Tryggvi Emilsson, Akurgerði 4, Tómas Sigurþórsson, Skipholti 26, Kristján Jóhannesson, Rauðarárstíg 3, Halldór Björnsson, Kleppsvegi 24, og Hannes M. Stephensen, Hringbraut 76, persónulega eða

í nafni félagsins, hindri eða láti aðra félagsmenn hindra afgreiðslu, móttöku og flutninga á vörum að og frá verksmiðjuhúsum gerðarbeiðanda við Kleppsvog og að Skúlagötu 26, framkvæmda af starfsmönnum gerðarbeiðanda, sem ekki eru félagsbundnir í launþegasamtökum, sem eiga í verkfalli.

Agli Sigurgeirssyni hæstaréttarlögmanni er kunn þýðing lög-bannsins.

Hann tekur fram, að úrskurði þessum verði áfrýjað þegar í stað af hálfu gerðarþola.

Laugardaginn 20. júní 1964.

Nr. 31/1964. **Landsbanki Íslands**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Sigurbirni Eiríkssyni og gagnsök

(Guðlaugur Einarsson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús P. Torfason.

Skuldamál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Það er upphaf þessa hæstaréttarmáls, að gagnáfrýjandi, Sigurbjörn Eiríksson, skaut til dómsins með stefnu 14. febrúar 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, fjárnámsgerð, er Björn Sveinbjörnsson, settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, framkvæmdi hinn 31. október 1963, en aðaláfrýjandi, Landsbanki Íslands, gagnáfrýjaði þeirri fjárnámsgerð samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 með stefnu 18. febrúar 1964, sbr. úrskurð Hæstaréttar um ágreining aðilja 9. marz 1964. Samkvæmt áfrýjunarleyfi 21. febrúar 1964 áfrýjaði gagnáfrýjandi því næst með stefnu sama dag héraðsdómi, fjárnámsgerð, er Þorsteinn